

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 23. nóvember 1976

um hámarks magn varnarefnaleifa í og á ávöxtum og matjurtum

(76/895/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. og 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Framleiðsla afurða úr jurtaríkinu gegnir mikilvægu hlutverki í Efnahagsbandalagi Evrópu.

Skaðlegar lífverur úr dýra- eða jurtaríkinu svo og veirur hafa sífellt áhrif á afrakstur þessarar framleiðslu.

Það er höfuðatriði að vernda plöntur gegn þessum lífverum, ekki aðeins til þess að koma í veg fyrir að afraksturinn minnki heldur einnig til þess að auka framleiðni í landbúnaði.

Ein áhrifaríkasta aðferðin til þess að vernda plöntur og plöntuafurðir fyrir áhrifum þessara hættulegu lífvera er að nota kemísk varnarefni.

Þessi varnarefni hafa hins vegar ekki einungis jákvæð áhrif á plönturækt þar sem þetta eru yfirleitt eitruð efni eða efnablöndur með hættulegar aukaverkanir.

Mikill hluti þessara varnarefna og afurðir efnaskipta- og niðurbrotsefna geta haft skaðleg áhrif á neytendur plöntuafurða.

Þessi varnarefni ætti ekki að nota við aðstæður sem stofnað gætu heilsu manna eða dýra í hættu.

Mismunandi aðferðir tíðkast í tilteknum í aðildarríkjum til að komast hjá þessari áhættu. Sum ríkjanna hafa ákveðið mismikið hámarks magn tiltekinna varnarefnaleifa í eða á meðhöndluðum plöntum og plöntuafurðum sem virða skal

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. C 97, 28. 7. 1969, bls. 35.⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. C 40, 25. 3. 1969, bls. 4.

þegar þessar afurðir eru settar í umferð.

Ósamræmi aðildarríkja í milli að því er varðar leyfilegt hámarks magn varnarefnaleifa getur stuðlað að viðskiptahindrunum og með því torvelað frjálsa vöruflutninga innan bandalagsins. Af þeim sökum ber að ákveða tiltekið hámarks magn sem aðildarríkjunum er heimilt að nota.

Þegar slíkt hámark er ákveðið verður að samræma kröfurnar um plönturækt og nauðsyn þess að vernda heilsu manna og dýra.

Í fyrstu ber að ákveða hámarks magn leifa tiltekinna varnarefna í og á ávöxtum og matjurtum með hliðsjón af þeirri staðreynd að ávextir og matjurtir eru yfirleitt ætluð til manneldis en stöku sinnum til dýraeldis. Þetta hámarks magn verður að vera eins lágt og unnt er.

Tryggja þarf frjálsa umferð innan bandalagsins á afurðum þar sem magn leifa tiltekinna varnarefna fer ekki yfir hámarkið sem ákveðið er í II. viðauka. Samhliða ber að leyfa aðildarríkjunum að heimila umferð á þeirra eigin yfirráðasvæðum, án mismununar og þar sem þau telja það réttlætjanlegt, afurða sem í er meira magn en téð hámark, annaðhvort með því að ákveða eða láta hjá líða að ákveða hámarks magn fyrir þau.

Ekki er nauðsynlegt að ákvæði þessarar tilskipunar gildi um ávexti og matjurtir til útflutnings til þriðju landa.

Engu að síður gæti hámarks magn sem ákveðið er í II. viðauka óvænt reynst hættulegt heilsu manna eða dýra. Því ætti aðildarríkjunum í slíku tilviki að vera heimilt að lækka mörkin tímabundið.

Í slíkum tilvikum er rétt að koma á náinni samvinnu á milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar innan fastanefndar um plöntuheilbrigði.

Þegar aðildarríkin ákveða hámarks magn fyrir afurðir sem settar eru á markað á þeirra eigin yfirláðasvæði ber þeim að tryggja að því sé fylgt eftir með opinberu eftirliti sem felur að minnsta kosti í sér sýnatöku.

Við eftirlitið ber að nota aðferðir bandalagsins við sýnatöku og greiningu.

Ákvörðun um aðferðir við sýnatöku og greiningu er tæknileg og vísindaleg framkvæmd. Til þess að auðvelda samþykkt þeirra ber að ákveða reglur um sýni og greiningar með því að koma á náinni samvinnu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar innan fastanefndar um plöntuheilbrigði.

Allar breytingar á viðaukunum ber að auðvelda að teknu tilliti til tæknilegs eðlis þeirra, með því að hraða málsmeðferð.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Þessi tilskipun tekur til afurða sem eru ætlaðar til manneldis eða, í sérstökum tilvikum, dýraeldis og skráðar eru í sameiginlegu tollskrárflokkunum sem settir eru fram í I. viðauka og í eru varnarefnaleifarnar sem skráðar eru í II. viðauka.

2. gr.

1. Í þessari tilskipun merkja „varnarefnaleifar“ snefil-leifar af varnarefnum, auk allra eittraðra niðurbrots- og efna-skiptaafurða sem skráðar eru í II. viðauka, sem eru í eða á afurðunum sem um getur í 1. gr.

2. Í þessari tilskipun merkir „að setja í umferð“ öll afhending eftir uppskeru, gegn greiðslu eða ekki, á afurðum sem um getur í 1. gr.

3. gr.

1. Aðildarríkjunum er ekki heimilt að banna eða hindra markaðssetningu á þeirra eigin yfirláðasvæðum á afurðum sem um getur í 1. gr. á þeirri forsendu að í þeim séu leifar varnarefna ef leifarnar eru ekki í meira magni en hámarks magnið sem ákveðið er í II. viðauka.

2. Aðildarríkjunum er heimilt, þegar þau telja það réttlætjanlegt, að leyfa að afurðir sem um getur í 1. gr. og í eru meiri leifar varnarefna en mælt er fyrir um í II. viðauka séu settar í umferð á yfirláðasvæðum þeirra.

3. Aðildarríkin skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um framkvæmd 1. og 2. mgr.

4. gr.

1. Þegar aðildarríki telur að heilsu manna eða dýra, annarra en skaðlegra lífvera, stafi hættu af hámarks magni sem ákveðið er í II. viðauka getur það tímabundið lækkað mörkin á eigin yfirláðasvæði. Þá skal það án tafar tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um ráðstafanir sem gera skal og tilgreina ástæður.

2. Í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 8. gr. skal ákveða hvort breyta eigi hámarks magni sem ákveðið er í II. viðauka. Þar til ráðið eða framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina sem að ofan greinir er aðildarríkjunum heimilt að viðhalda þeim ráðstöfunum sem þau hafa hrundið í framkvæmd.

5. gr.

Ráðið skal samþykkja, með fyrirvara um 4. gr., að tillögu framkvæmdastjórnarinnar breytingar sem gera skal á viðaukunum. Þegar slíkar breytingar eru gerðar skal tekið tillit til framfara í tækni og vísindum auk krafna sem gerðar eru í heilbrigðis- og landbúnaðarmálum.

6. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að farið sé að reglum um hámarks magn sem settar eru fram í þessari tilskipun með því að gera slembiathuganir.

2. Þegar afurðirnar sem um getur í 1. gr. eru skoðaðar, eins og kveðið er á um í 1. mgr., skulu aðildarríkin gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að sýnataka og magn- og eiginleikaprófanir sem gerðar eru með það fyrir augum að auðkenna og meta magn varnarefnaleifa séu framkvæmdar með þeim hætti og þeim aðferðum sem eru ákveðnar samkvæmt málsmeðferðinni í 7. gr.

7. gr.

1. Þegar fylgja skal málsmeðferðinni sem sett er fram í þessari grein, ber formanni fastanefndar um plöntuheilbrigði, sem sett er á stofn með ákvörðun 76/894/EBE⁽¹⁾ (hér á eftir kölluð „nefndin“), að vísa málinu til hennar annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis.

(¹) Stjútíð. EB nr. L 340, 9. 12. 1976, bls. 25.

2. Innan nefndarinnar veða atkvæði aðildarríkjanna eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans. Formaður greiðir ekki atkvæði.

3. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álit sínu á þessum ráðstöfunum fyrir þau tímamörk sem formaður setur eftir því hversu brýnt málið er. Álit skulu samþykkt með 41 atkvæðis meirihluta.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir og skulu þær koma til framkvæmda án tafar, séu þær í samræmi við álit nefndarinnar. Séu ráðstafanirnar ekki í samræmi við álit nefndarinnar eða skili nefndin ekki álit ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið skal samþykkja ráðstafanirnar með auknum meirihluta.

Ef ráðið hefur ekki samþykkt neinar ráðstafanir innan þriggja mánaða frá því tillagan var lögð fyrir það, skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir og koma þeim án tafar í framkvæmd, nema einfaldur meirihluti í ráðinu hafi greitt atkvæði gegn þeim.

8. gr.

1. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem kveðið er á um í þessari grein ber formanni nefndarinnar að vísa málinu til hennar án tafar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis.

2. Innan nefndarinnar veða atkvæði aðildarríkjanna eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans. Formaður greiðir ekki atkvæði.

3. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álit sínu á þessum ráðstöfunum innan tveggja daga. Álit skulu samþykkt með 41 atkvæðis meirihluta.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir og skulu þær koma til framkvæmda án tafar,

séu þær í samræmi við álit nefndarinnar. Séu ráðstafanirnar ekki í samræmi við álit nefndarinnar eða skili nefndin ekki álit ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið skal samþykkja ráðstafanirnar með auknum meirihluta.

Ef ráðið hefur ekki samþykkt neinar ráðstafanir innan 15 daga frá því að tillagan var lögð fyrir það, skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir og koma þeim án tafar í framkvæmd, nema einfaldur meirihluti í ráðinu hafi greitt atkvæði gegn þeim.

9. gr.

Tilskipun þessi gildir ekki um afurðir sem um getur í 1. gr. Þegar hægt er að leggja fram að minnsta kosti eitt sönnunargagn um að þær séu ætlaðar til útflutnings til þriðju landa.

10. gr.

Tilskipun þessi gildir með fyrirvara um ákvæði bandalagsins um almennar gæðakröfur fyrir ávexti og matjurtir.

11. gr.

Aðildarríki skulu samþykkja lög og stjórnsýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að tilskipun þessari innan tveggja ára frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

12. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. nóvember 1976.

Fyrir hönd ráðsins,

A. P. L. M. M. van der STEE

forseti.

I. VIDAUKI

Skrá yfir afurðir sem um getur í 1. gr.

SAM-númer	Lýsing
07.01 B	Hvítkál, blómkál og rósakál, nýtt eða kælt
07.01 C	Spínat, nýtt eða kælt
07.01 D	Salat, að meðtöldum kaffifíflum og síkoríu, nýtt eða kælt
07.01 E	Blaðbeðja (eða hvítrófa) og fingrakornblóm, nýtt eða kælt
07.01 F	Belgávextir, með eða án hýðis, nýir eða kældir
07.01 G	Gulrætur, næpur, rauðrófur, hafursrót, seljurót, radísur og áþekkar rætur til matar, nýjar eða kældar
07.01 H	Laukur, skalotlaukur og hvítlaukur, nýr eða kældur
07.01 IJ	Blaðlaukur og aðrar skyldar matjurtir, nýjar eða kældar
07.01 K	Spergill, nýr eða kældur
07.01 L	Jarðartískokka, ný eða kæld
07.01 M	Tómatar, nýir eða kældir
07.01 N	Ólífur, nýjar eða kældar
07.01 O	Kapar, nýr eða kældur
07.01 P	Gúrkur og reitagúrkur, nýjar eða kældar
07.01 Q	Sveppir og tröfllur, nýjar eða kældar
07.01 R	Fennikka, ný eða kæld
07.01 S	Ómulin paprika, ný eða kæld
07.01 T	Annað, nýtt eða kælt
úr 07.02	Matjurtir, ósoðnar, frystar
úr 08.01	Döðlur, bananar, kókoshnetur, parahnetur, kasúhnetur, lárperur, mangóaldin, kvava (guavaber) og mangóstinaldin, ný ⁽¹⁾ , afhýdd eða flysjuð
úr 08.02	Sítrusávextir, nýir ⁽¹⁾
úr 08.03	Fíkjur, nýjar ⁽¹⁾
úr 08.04	Vínber, ný ⁽¹⁾
úr 08.05	Hnetur aðrar en þær sem heyra undir númer 08.01, nýjar ⁽¹⁾ , afhýddar eða flysjaðar
08.06	Epli, perur og kveður, nýjar ⁽¹⁾
08.07	Steinaldin, ný ⁽¹⁾
08.08	Ber, ný ⁽¹⁾
08.09	Aðrir ávextir, nýir ⁽¹⁾
úr 08.10	Ósoðnir frystir ávextir, án viðbættis sykurs ⁽¹⁾

⁽¹⁾ Farið er með kælda ávexti á sama hátt og nýja

II. VIÐAUKI

Skrá yfir varnarefnaeifar og hámarks magn leifa

EBE-númer ⁽¹⁾	Varnarefni		Hámarks magn (í mg/kg (ppm))
	Almennt heiti	Efnaformúla	
–	amítról	3-amínó-1 <i>H</i> -1,2,4-tríasól	0 ⁽²⁾
–	aramít	0-/2-(4-tert-bútýlfenoxý)-1-metýl-etýl/ -0-(2-klóretýl)-súlfít	0 ⁽²⁾
–	atrasín	2-etýlamínó-3-klór-ó-sóprópýlamínó- 1,3,5-tríasín	1,0
15/60	asínfós-etýl	0,0-díetýl-S-(4-oxó-3H-1,2,3-bensó-tríasín-3-ýl)-metýl-díþíófosfat	} stök eða tengd: 0 ⁽²⁾ : rótargrænmeti, að seljurót undanskilinni
15/42	asínfós-metýl	0,0-dímetýl-S-/4-oxó-3H-1,2,3-bensó-tríasín-3-ýl)-metýl-díþíófosfat	
6/20	barban	(4-klór-bút-2-ín-ýl)-N-(3-klórfenýl)-kARBAMENT	0,1
609/21	bínapakrýl	/6-(1-metýl-propýl)-2,4-dínítrófenýl/-3,3-dímetýl-acrýlat	0 ⁽²⁾ : gulrætur 0,3: aðrar afurðir
–	kaptan	<i>N</i> -(tríklór-metýlþíó)-sýklóhex-4-ene-1,2-díkarboxýmíd	15,0
6/11	karbarýl	<i>N</i> -metýl-1-naftýl-kARBAMAT	2,5: apríkósur, epli, perur, ferskjur, vínber, plómur, blaðsalat, höfuðkál, blómkál og rósakál
620/6	klórbensíð	(4-klórbensýl)-(4-klór-fenýl)-súlfíð	1,2: aðrar afurðir 1,5
620/4	klórfensón	(4-klór-fenýl)-4-klór-bensen-súlfónat	1,5
—	klórbensílat	etýl-2-hýdroxý-2,2- <i>bis</i> (4-klór-fenýl)-asetat	1,5
6/22	klóroxúron	1-/4-(klórfenoxýl-fenýl)/3,3-dímetýlurea	0,2
15/33	demeton-S-metýl	0,0-dímetýl-S-(2-etýlþíóetýl)-mónóþíófosfat	} stök eða tengd: 0 ⁽²⁾ : gulrætur 0,4: aðrar afurðir (reiknaðar sem demeton-S-metýl súlfón)
15/49	oxýdementon-metýl	0,0-dímetýl-S-(2-etýlsúlfínýl-etýl)-mónóþíófosfat	
—	demeton-S-metýl-súlfón	0,0-dímetýl-S-etýlsúlfónýl þíófosfat	
6/19	díallat	S-(2,3-díklór-allýl)- <i>NN</i> díisoprópýl-mónóþíó-kARBAMAT	0,05
607/24	díklórpróp	2-(2,4-díklórfenoxý) própíónsýra	0,05
15/55	dímetóat	0,0-dímetýl-S-(<i>N</i> -metýl-kARBAMOÝL)-metýl-díþíófosfat	1,5 ⁽³⁾
–	ómetóat	dímetýl-S-(<i>N</i> -metýl-kARBAMOÝL-metýl) fosfórþíólat	0,4
609/23	dínóseb	2,4-dínítró-6-(1-metýlpropýl) fenól	0,05
–	dódín	<i>N</i> -dódesýlgúanídín asetat	1,0: ávextir 0 ⁽²⁾ : aðrar afurðir
602/33	endósúlfan	6,7,8,9,10,10-hexaklór-1,5,5a,6,9,9a,-hexahýdró-6,9-metanó-2,3,4-bensó(e)-díoxaþíepín-3 oxíð	0,2: gulrætur 0,5: aðrar afurðir

EBE-númer ⁽¹⁾	Varnarefni		Hámarks magn (í mg/kg (ppm))
	Almennt heiti	Efnaformúla	
602/32	endrín	1,2,3,4,10,10-hexaklór-6,7-epoxý-1,4,4a,5,6,7,8,8a-okta-hýdró- 1,4-endó- 5,8-endó-dímetanó-naftalen	0 ⁽²⁾
15/56	fenklórfos	dímetýl- 2,4,5- tríklórfenýl fosfórþíónat	0,5
15/58	fenítróþíón	dímetýl- 3-metýl-4 nítrófenýl fosfórþíónat	0,5
15/61	formóþíón	S-(N-formýl-N-metýlkarbanóýlmetýl) dímetýl fosfórþíólóþíónat	0,1
–	–	1,1-díklór-2,2-bis(4-etýl-fenýl)etan	10,0
602/23	lindan	gamma-1,2,3,4,5,6-hexaklórhexan	2,0: blaðgrænmeti 0,1: gulrætur
15/44	malapíón	S/-1,2-bis (etoxý-karbónýl)-etýl/-0,0-dímetýl-díþíófosfat	1,5: aðrar afurðir 3,0: matjurtir, að rótargrænmeti undanskildu
	<i>þar með talið</i>		
	malaóxón	S-(1,2-bis(etoxý-karbónýl)-etýl)-0,0-dímetýl-þíófosfat	0,5: aðrar afurðir
–	metoxýklór	1,1,1-tríklór-2,2-bis(4-(metoxý-fenýl) etan	10,0
15/37	paraþíón	0,0-díetýl-0-(4-nítró-fenýl)-mónóþíófosfat	0,5
	<i>þar með talið</i>		
	paraóxón	0,0-díetýl-0-4-nítró-fenýl)-fosfat	
15/36	metýl-paraþíón	0,0-dímetýl-0-(4-nítró-fenýl)-mónóþíófosfat	0,15
	<i>þar með talið</i>		
	metýl-paraóxón	0,0-dímetýl-0-(4-nítró-fenýl)-fosfat	
15/22	fosfamíðón	2-klór-2-díetýlkarbamóýl-1-metýlvínýldímetýl fosfat	0,15
607/21	folpet	N-(tríklórmetýlþíó) ftalímíð	15,0
–	própoxúr	2-ísópropoxý fenýl metýlkarbamát	3,0
15/27	TEPP	0,0,0,0-tetraetýl-pýrófosfat	0 ²
6/5	tíram	bis (dímetýl-þíó-karbamóýl)-dísulffíð	3,8: jarðarber, vínber 3,0: aðrar afurðir
602/24	toxafen	klórkamfen (67 til 69% klór)	0,4
15/21	tríklór	0,0-dímetýl-(2,2,2-tríklór-1-hýdroxý-etýl)fosfónat	0,5

⁽¹⁾Númer í I. viðauka við tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnáslufyrirmælum um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efna (Stjtíð. EB nr. 196, 16. 8. 1967, bls 5), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 75/409/EBE (Stjtíð. EB nr. L 183, 14. 7. 1975, bls 22).

⁽²⁾Óverulegar leifar undir lægri næmismörkum samkvæmt ákvörðunaraðferðinni eru heimilar.

⁽³⁾Með talið, ef svo vill til, hámarksinnihald 0,4 ppm sem er ákveðið fyrir ómetóat.